


Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans

Kennsluáætlun í Byrjendalæsi



Til notkunar með Komdu og skoðaðu land og þjóf

eftir Sigrúnu Helgadóttur og Freydísi Kristjánsdóttur  
Námsgagnastofnun 2001

Hugsuð fyrir 2. - 3. bekk

Sigurlína Jónsdóttir

## Námsumhverfi

Með þessu verkefni þurfa að vera til staðar bækur fyrir börn um land og þjóð, jökla, eldgos, fossa, Afríku, Jón Sigurðsson, Reykjavík, Þingvelli, þjóðgarða og annað sem tengist bókinni *Komdu og skoðaðu land og þjóð*.

Aðgangur að bókasafni, hljómflytningtækjum, tölvum.

Einnig venjulegu skólastofu föndurefni s.s. pappír, þykkum pappa, bandi, litum, skærum, lími, myndbandsupptökuvél eða I-Pad o.s.frv.

Öll hlustunardæmi eru með tengil á *Youtube* og sum sönglög. Önnur lög eru stjörnumerkt, \* eru „*Syngjandi skóli*“ hlustunarefni eftir Þórunni Björnsdóttur, aðgengileg á *nams.is*; \*\* bókinn „*Söngvasafn Ef væri ég söngvari*“ eftir Ragnheiði Gestsdóttur á meðfylgjandi geisladiski; \*\*\* má nálgast á *tonlist.is* gegn gjaldi.

## Dæmi um sönglög

[Lofsöngur](#) (Ó Guð vors lands) (bls.2-3) \*

[Ísland \(Ó fögur er vor\)](#) (bls. 2-3) \*

Ef væri ég söngvari (bls. 2-3) \* \*\*

[Ísland er land þitt](#) (bls. 6-7)

[Dýrin í Afríku](#) (bls.8-9)

[Hótel jörð](#) (bls.10-11)

Blessuð sólin elskar allt (bls. 10-11) \* \*\*

[Sól, sól skín á mig](#) (bls. 10-11)

Austurstræti (bls. 12-13)

[Sofðu unga ástin mín](#) (bls. 14-15) \*

Hani, krummi, hundur, svín (bls. 14-15)

[Það er kominn 17. Júní](#) (bls. 16-17)

[Öxar við ána](#) (bls. 18-21) \* \*\*

[Dalavísa](#) (Fífilbrekka gróin grund) (bls. 22-23)

## Dæmi um hlustunarefni

[Lofsöngur \(íslenski þjóðsöngurinn\)](#) –

Sveinbjörn Sveinbjörnsson

[Þjóðsöngurinn](#)

[Ísland er land þitt](#) – Magnús Þór Sigmundsson

[Hótel jörð](#) - Heimir Sindrason

[Sofðu unga ástin mín](#)

[Íslenskir þjóðdansar](#) – Jón Leifs

[Það er kominn 17. Júní](#) – Haukur Ingibergsson

[Öxar við ána](#) – Helgi Helgason(lúðrasveit)

[Öxar við ána](#) – Helgi Helgason

[Geysir](#)- Jón Leifs

[Sviahamba](#)

[Jambo Bwana](#)

## Markmið

- Að auka lestrarfærni (fjölbreyttan lestur, t.d. skimun, leitarlestur, læra ljóð (söngtexta) og lesa upphátt fyrir aðra).
- Að vinna með stafi og hljóð, sérhljóða og samhljóða, rím, stuðla og höfuðstafi.
- Auka orðaforða.
- Að efla ritun.
- Að æfa framsögn, tjáningu og söng.
- Efla heyrnæmt og sjónræmt rýni.

## Námsmat

Nemendur gefa samnemendum stjórnur fyrir framsögn í ljóðalestri og fyrir hópvinnu.

## Heimavinna

Æfa lestur á ljóði til flutnings fyrir framan bekkinn.

## Upplestur (Komdu og skoðuðu land og þjóð)

- Höfundar kynntir.
- Bókin skoðuð, forsíða og baksíða og spáð í innihaldið. Einnig velt fyrir sér tengslum hennar við aðrar bækur (Komdu og skoðuðu ...).
- Bókin lesin í heild.
- Hugtök skráðir á töflu (flettistöfluna)
- Ýmsar myndir og kort af landinu kynnt

Syngja: **Lofsöngur** (Ó Guð vors lands)  
**Ísland (Ó fögur er vor)** (bls. 2-3)  
**Ef væri ég söngvari** (bls. 2-3)

Hlusta á: [Lofsöngur \(íslenski þjóðsöngurinn\)](#) –  
Sveinbjörn Sveinbjörnsson

### [Þjóðsöngurinn](#)

## 1. lota

Höfundar  
Bókarkápa  
Viðfangsefni(land og þjóð)  
Söngur  
Hlustun



### Þjóð söngur

Þjóðsöngur er ljóða og lag sem þjóðin hefur komið sér saman um að gera að opinberu tákni sínu um tilvist sína og sérleik(ísl. Orðab.).

Svona lýsir Matthías hvernig þjóðsöngurinn varð til: „Ég bjó hjá Sv. Sveinbjörnsson tónskáldi, og vorum við skólabræður. Þá orti ég nokkur smákvæði, þar á meðal „Lýsti sól“, „Minni Ingólfs“ og þar bjó ég til byrjun lofsöngsins, „Ó, guð vors lands“.  
Sveinbjörn athugaði vandlega textann, en kvaðst ekki treysta sér til að búa til lag við; fór svo, að ég um veturinn sendi honum aftur og aftur eggjan og áskorun að reyna sig á sálminum. Og loks kom lagið um vorið og náði nauðlega heim um Þjóðhátíðina. Síðari versin tvö orti ég í Lundúnum, og hefur mér aldrei þótt mikið til þeirra koma.“



Æfið ykkur í að syngja þjóðsönginn.

## Umræður og vinna nemenda í hóp, einslega eða í pörum

- Bókin lesin aftur og ýmis orð skoðuð og skráð á flettistöfluna.
- Orð sem hægt er að skoða eða vinna með (kennari velur úr eftirfarandi upptalningu): Hús, bær, tún, skógur, land, fjall, dalur, jökull, á, láglendi, hálendi, grænmeti, skógur, dreifbýli, plöntur, náttúra, eldgos, hraun, hnöttur, skorpa, kvika, fleki, yfirborð, kólna, storkna, Íslendingur, útlendingur, heimsókn, lífverur, aðlagast, heimsálfur, ávextir, strætó, stjórnarráð, höfuðborg, Alþingi, ríkisstjórn, forsætisráðherra, þjóðbúningur, fáni, þjóðsöngur, stytta, tröll, þjóðhátíðardagur, galdramaður, landvættir, skjaldarmerki, peningar, jarðskjálfti, þjóðgarður, framleiða, matvæli, flugvöllur, forstofa, bráðna, laug, hver, foss, virkja
- **Lykilorð:** þjóðhátíðardagur, landvættir  
Nota meðfylgjandi blað til að skrifa ný orð á (einstaklingsvinna).
- Finna orð í textanum sem innihalda sérhljóðin: i-í –(paravinna).
- Nemendur strika undir öll i og í í ljóðinu *Ísland er land þitt*

Syngja: **Ísland er land þitt** (bls. 6-7)

Hlusta á: [Ísland er land þitt](#) – Magnús Þór Sigmundsson

## 2. lota

Viðfangsefni bókin  
*Komdu og skoðuðu land og þjóð*  
Lestur  
Ný orð  
Hugtök  
Lykilorð  
Ritun – stafagerð  
Söngur  
Hlustun  
Hreyfi



Sitjið á gólfinu og klappið 1,2,3.  
Klappa saman lófunum, svo á hægri læri með hægri hönd og svo á vinstra læri með vinstri hönd. Prófið að syngja líka með.  
Hlustið hvernig styrkurinn eykst crescendo <.

### Stöðvavinna:

- Hópur 1: Býr til [eldfjall](#).
- Hópur 2: Býr til [hraun í glasi](#).
- Hópur 3: Býr til [hvírfilbil í flösku](#)

Allar tilraunirnar teknar upp á myndband.  
Skrifið lýsingu á ykkar verkefni og teiknið skýringarmynd á meðf. blað.

Syngja: **Dýrin í Afríku** (bls.8-9)  
**Hótel jörð** (bls.10-11)

Hlusta á: [Hótel jörð](#) - Heimir Sindrason

[Sviahamba](#)

[Jambo Bwana](#)

### 3. lota

Myndræn yfirfærsla  
Ný orð  
Ritun – stafagerð  
Söngur  
Hlustun



#### Þverflauta

Þverflautan tilheyrir tréblástursfjölskyldunni þrátt fyrir að nú sé hún oftast smíðuð úr málm. Í tréblástursfjölskyldunni eru líka [óbó](#), [klarínnett](#) og [fagott](#) sem er dýpsta hljóðfærið.



#### Millispil

Millispil er hljóðfærásóló (einleikur) á milli erinda.



Syngið með og hlustið á flautuleikinn í millispilinu.



Afrísk tónlist lýsir alltaf tilfinningum íbúanna og tengist daglegu lífi þeirra. Hrynurinn(takturinn) birtist í klappi og stappi og ólíkt evrópskri tónlist er hún hluti af daglegu amstri.



Búið til dans og hreyfið ykkur með myndbandinu með Jambo(góðan daginn) og ímyndið ykkur að þið séuð í Afríku og séuð á leið í skólann eða vinnuna.

### Stöðvavinna:

- Hópur 1: Býr til veggspjald með fróðleik um sólina
- Hópur 2: Býr til veggspjald með fróðleik um eldfjöll
- Hópur 3: Býr til veggspjald með fróðleik um jökla

Syngja: **Blessuð sólín elskar** (bls. 10-11)  
**Sól, sól skín á mig** (bls. 10-11)

Hlusta á: [Íslenskir þjóðdansar](#) – Jón Leifs




### 4. lota

Myndræn yfirfærsla  
Fatnaður  
Veður  
Ný orð  
Ritun- stafagerð  
Söngur  
Hlustun



#### Þjóðdansar

Þjóðdansar eru alþýðlegir dansar sem þjóðin leggur sérstaka rækt við, þeir eru oftast hópansar. Dæmi um íslenska þjóðdansa eru Vikivakar sem hafa lifað með Íslendingum síðan snemma á öldum og söfnuðu Íslendingum til gleði allt fram á 18. öld.

<p><b>Stöðvavinna:</b></p> <p>Vinna með ljósrit af ljóðunum hér að neðan. Gera hring utan um orð sem ríma saman í <i>Hani, krummi, hundur, svín</i> en en hring utan um stuðla og höfuðstafi í <i>Sofðu unga ástin mín</i></p> <p>Syngja: <b>Sofðu unga ástin mín</b> (bls. 14-15) <b>Hani, krummi, hundur, svín</b></p> <p>Hlusta á: <a href="#">Sofðu unga ástin mín</a></p>	<p><b>5. lota</b></p> <p>Ný orð Ritun- stafagerð Rím Tvöfaldir samhljóðar Söngur Hlustun</p> <p> <b>Þjóðlag</b> Þjóðlag er lag sem enginn veit lengur hver samdi svo þjóðin á það saman. Bjarni Þorsteinsson safnaði saman fjölda íslenskra þjóðlag og átti stóran þátt í hve mörg þjóðlög varðveittust. <a href="#">Þjóðlagasafnið á Siglufirði</a> er reist í minningu hans.</p>
<p><b>Stöðvavinna:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Hópur 1: Býr til stórt skjaldarmerki eða minni einstaklings skjaldarmerki.</li> <li>○ Hópur 2: Býr til íslenska fánann einn stóran eða marga smærri.</li> <li>○ Hópur 3: Býr til stórt veggspjald með þjóðbúningum eða fleiri smærri.</li> </ul> <p>Allir hóparnir skrifa skýringar inn á myndirnar t.d. heiti þjóðbúninga.</p> <p>Syngja: <b>Það er kominn 17. júní</b></p> <p>Hlusta á: <a href="#">Það er kominn 17. Júní</a> Haukur Ingibergsson</p>	<p><b>6. lota</b></p> <p>Myndræn yfirfærsla Ný orð Ritun – stafagerð leitarlestur Söngur Hlustun Hreyfing</p>
<p><b>Umræða og hlustun</b></p> <p>Nemendur hlusta á brot úr tónverkum eftir ýmsa höfunda sem þau hafa verið að hlusta á undanfarið og rifja upp hver þau eru.</p> <p>Skoða bækur með sögum og ævintýrum um land og þjóð. Einnig skoðaðar listaverkabækur þar sem fyrirmyndir myndverksins eru land og þjóð. Einnig skoðaðar listaverkamyndir í tölvu.</p> <p>Syngja: <b>Öxar við ána</b> (bls. 18-21)</p> <p>Hlusta á: <a href="#">Öxar við ána</a> – Helgi Helgason (lúðrasveit) <a href="#">Öxar við ána</a> – Helgi Helgason (söngur)</p>	<p><b>7. lota</b></p> <p>Hlustun Lestur Ritun Tjáning Upplýsingaöflun í tölvu og bókasafni</p> <p> <a href="#">Helgi Helgason</a> tónskáld var upphafsmaður lúðrasveita á Íslandi.</p> <p> Hornaflokkur/Lúðrasveit Hornaflokkur er hópur málmblásturshljóðfæra og ásláttarhljóðfæra. Lúðrasveitir spila og í skrúðgöngum t.d. á 17. júní.</p>

<p><b>Ljóð – tjáning</b></p> <p>Flytja ljóð fyrir bekkinn sem börnin fengu að fara með heim og æfa sig að lesa. Nemendur gefa flutningnum stjórnur.</p> <p>Syngja: <b>Dalavísa</b> (Fífilbrekka gróin grund) (bls. 22-23)</p> <p>Hlusta á: <a href="#">Geysir</a>- Jón Leifs</p>	<p><b>8. lota</b></p> <p>Framsaga Munnleg tjáning Söngur Hlustun</p>
<p><b>Sýning</b></p> <p>Nemendur sýna myndbönd af tilraununum sínum og segja frá.</p> <p>Nemendur gefa hópverkefnum stjórnur.</p>	<p><b>9. lota</b></p> <p>Munnleg tjáning Framsaga</p>

Þigurína Jónsdóttir

## Söngtextar

# KOMDU OG SKOÐAÐU LAND OG ÞJÓÐ



**Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans**

## Lofsöngur

Ó, guð vors lands! Ó, lands vors guð!  
Vér lofum þitt heilaga, heilaga nafn!  
Úr sólkerfum himnanna hnýta þér krans  
þínir herskarar, tímanna safn.  
Fyrir þér er einn dagur sem þúsund ár  
og þúsund ár dagur, ei meir:  
eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,  
sem tilbiður guð sinn og deyr. :  
; Íslands þúsund ár, ;:  
eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,  
sem tilbiður guð sinn og deyr.

Ó, guð, ó, guð! Vér föllum fram  
og fórnum þér brennandi, brennandi sál,  
guð faðir, vor drottinn frá kyni til kyns,  
og vér kvökum vort helgasta mál.  
Vér kvökum og þökkum í þúsund ár,  
því þú ert vort einasta skjól.  
Vér kvökum og þökkum með titrandi tár,  
því þú tilbjóst vort forlagahjól.  
;: Íslands þúsund ár, ;:  
voru morgunsins húmköldu, hrynjandi tár,  
sem hitna við skínandi sól.

Ó, guð vors lands! Ó, lands vors guð!  
Vér lifum sem blaktandi, blaktandi strá.,  
Vér deyjum, ef þú ert ei ljós það og líf,  
sem að lyftir oss duftinu frá.  
Ó, vert þú hvern morgun vort ljúfasta líf,  
vor leiðtogi í daganna þraut  
og á kvöldin vor himneska hvíld og vor hlíf  
og vor hertogi á þjóðlífsins braut.  
;: Íslands þúsund ár, ;:  
verði gróandi þjóðlíf með þverrandi tár,  
sem þroskast á guðsríkis braut.  
Sr. Matthías Jochumsson



## Ísland

Ó, fögur er vor fósturjörð,  
um fríða sumardaga,  
er laufin grænu litka börð  
og leikur hjörð í haga  
en dalur lyftir blárri brún  
mót blíðum sólar loga  
og glitrar flötur glóir tún  
og gyllir sunna voga.

Og vegleg jörð vor áa er  
með ísi þakta tinda,  
um heiðrík kvöld að höfði sér  
nær hnýtir gullna linda,  
og logagneistum stjörnur strá  
um strindi, hulið svellum,  
en hoppa álfar hjarni á  
svo heyrir dun í fellum.

Þú fósturjörðin fríð og kær  
sem feðra hlúir beinum  
og lífið ungu frjóvi fær  
hjá fornum bautasteinum,  
ó, blessuð vertu fagra fold  
og fjöldinn þinna barna,  
á meðan gróa grös í mold  
og glóir nokkur stjarna!

Jón Thoroddsen

## Ef væri ég söngvari

Ef væri ég söngvari syngi ég ljóð  
um sólina vorið og land mitt og þjóð.

En mömmu ég gæfi mín ljúfustu ljóð,  
hún leiðir mig verndar og er mér svo góð.

Ef gæti ég farið sem fiskur um haf  
ég fengi mér dýrustu perlur og raf.

Og rafið ég geymdi og gæfi'ekki braut  
en gerði' henni mömmu úr perlunum skraut.

Ef kynni' ég að sauma ég keypti mér lín  
og klæði ég gerði mér snotur og fín.

En mömmu úr silki ég saumaði margt  
úr silfri og gulli, hið dýrasta skart.

Páll J. Árdal

## Ísland

Ísland er land þitt, og ávallt þú geymir  
Ísland í huga þér, hvar sem þú ferð.  
Ísland er landið sem ungan þig dreymir,  
Ísland í vonanna birtu þú sérð,  
Ísland í sumarsins algræna skruði,  
Ísland með blikandi norðljósa traf.  
Ísland að feðranna afrekum hlúði,  
Ísland er foldin, sem lífið þér gaf.

Íslensk er þjóðin sem arfinn þinn geymir  
Íslensk er tunga þín skír eins og gull.  
Íslensk er sú lind,sem um æðar þér streymir.  
Íslensk er vonin, af bjartsýni full.  
Íslensk er vornóttin, albjört sem dagur,  
Íslensk er lundin með karlmennskuþor.  
Íslensk er vísan, hinn íslenski bragur.  
Íslensk er trúin á frelsisins vor.

Ísland er land þitt, því aldrei skal gleyma  
Íslandi helgar þú krafta og starf  
Íslenska þjóð, þér er ætlað að geyma  
íslenska tungu, hinn dýrasta arf.  
Ísland sé blessað um aldanna raðir,  
íslenska moldin, er lífið þér gaf.  
Ísland sé falið þér, eilífi faðir.  
Ísland sé frjálst, meðan sól gyllir haf.

Margrét Jónsdóttir

## Dýrin í Afríku

Hér koma nokkrar vísur,  
sem þið viljið máské heyra,  
um dýrin úti' í Afríku,  
um apana og fleira.

**Hoja, hoja, a, ha, ha,  
hoja, hoja, a, ha, ha,  
um dýrin úti' í Afríku,  
um apana og fleira.**

Hæst í trjánum hanga þar  
hnetur og bananar.  
Þar hefðarapar hafa bú,  
þeir heita bavíanar.  
Hoja, hoja.....

Úr pálmablöðum eru gerðar  
apabarnavöggur,  
en barnfóstran er voða gamall  
páfagaukaskröggur.  
Hoja, hoja.....

Og hér þarf ekkert slökkvilið,  
og engan brunahana,  
því fíllinn slekkur allan eld  
með ógnarlöngum rana.  
Hoja, hoja.....

Og kóngurinn í skóginum  
er ljónið sterka' og stóra.  
Hans kona' er ljónadrottningin,  
hún étur á við fjóra.  
Hoja, hoja.....

Í trjánum sitja fuglarnir  
og syngja allan daginn,  
og vatnahestur bumbu ber,  
og bumban það er maginn.  
Hoja, hoja.....

Þetta' er fjörug músík  
svo öll dýrin fara' að dansa.  
Þau dansa fram á rauða nótt  
og vilja ekki stansa.  
Hoja, hoja.....

Hjá gíröffum var sút og sorg,  
og svei mér ekki' af engu,  
því átta litlir gíraffar illt í hálsinn fengu.  
Hoja, hoja.....

En nashyrningur læknir kom  
með nefklemmur og tösku.  
Og hann gaf öllum hálstöflur  
og hóstasaft af flösku.  
Hoja, hoja.....

Krókóðillinn stóri hann fékk  
kveisu hér um daginn.  
Hann hafði étið apakött  
sem illa þoldi maginn.  
Hoja, hoja.....

Svo var skinnið skorið upp  
það skelfing var að heyra.  
Kvæðið langtum lengra er,  
ég lærði ekki meira.  
Hoja, hoja.....

## Blessuð sólin elskar allt

Blessuð sólin elskar allt,  
allt með kossi vekur.  
Haginn grænn og hjarnið kalt  
hennar ástum tekur.  
Geislar hennar, út um allt,  
eitt og sama skrifa  
á hagann grænan, hjarnið kalt:  
Himneskt er að lifa!

## Hótel Jörð

Tilvera okkar er undarlegt ferðalag.  
Við erum gestir og hótel okkar er jörðin.  
Einir fara og aðrir koma í dag  
því alltaf bætast nýir hópar í skörðin.

Og til eru ýmsir sem ferðalag þetta þrá,  
en þó eru margir sem ferðalaginu kvíða.  
Og sumum liggur reiðinnar ósköp á,  
en aðrir setjast við hótelgluggann og bíða.

En það er margt um manninn á svona stað  
og meðal gestanna' er sífelldur þys og læti.  
Allt lendir í stöðugri keppni' um að koma sér  
og krækja sér í nógu þægilegt sæti.

En þó eru margir sem láta sér lynda það  
að lifa' úti' í horni óáreittir og spakir,  
því það er svo misjafnt sem mennirnir leita að  
og misjafn tilgangurinn sem fyrir þeim vakir.

En mörgum finnst hún dýr þessi hótelðvöl  
þó deilt sé um hvort hótelið sjálft muni græða.  
En við sem ferðumst eigum ei annars völ,  
það er ekki um fleiri gististaði að ræða.

Að vísu eru flestir velkomnir þangað inn  
og viðbúnaður er gestirnir koma' í bæinn.  
Og margir í allsnægtum una þar fyrst um sinn,  
en áhyggjan vex er menn nálgast burtferðardaginn.

Þá streymir sú hugsun um oss sem ískaldur foss  
að allt verði loks upp í dvölinu tekið frá oss,  
er dauðinn, sá mikli rukkari, réttir oss  
reikninginn yfir það sem skrifað var hjá oss.

Þá verður oss ljóst að framar ei frestur gefst  
né færi á að ráðstafa nokkru betur.  
Því alls sem lífið lánaði dauðinn krefst  
í líku hlutfalli' og Metúsalem og Pétur.

Tómas Guðmundsson

## Sól, sól skín á mig

Sól, sól skín á mig,  
ský, ský burt með þig.  
Gott er í sólinni að gleðja sig,  
sól, sól skín á mig.

Sólin er risin, sumar í blænum,  
sveitirnar klæðast nú feldinum grænum.  
Ómar allt lífið af ylríkum söng,  
unaðsbjörtu dægrin löng.

## Austurstræti

Nú verður aftur hlýtt og bjart um bæinn.  
Af bernskuglöðum hlátri strætið ómar,  
því vorið kemur sunnan yfir sæinn.  
Sjá, sólskinið á gangstéttunum ljómar.

Og daprar sálir söngvar vorsins yngja.  
Og svo er mikill ljóssins undrakraftur  
Að jafnvel gamlir símastaurar syngja  
í sólskininu og verða grænir aftur.

Og þúsund hjörtu grípur gömul kæti.  
Og gömul hjörtu þrá á ný og sakna  
Ó, bernsku vorrar athvarf, Austurstræti,  
hve endurminningarnar hjá þér vakna.

Tómas Guðmundsson

## Sofðu unga ástin mín

Sofðu unga ástin mín.  
Úti regnið grætur.  
Mamma geymir gullin þín,  
gamla leggi og völskrín.  
Við skulum ekki vaka um dimmar nætur.

Það er margt sem myrkrið veit  
minn er hugur þungur.  
Oft ég svarta sandinn leit,  
svíða grænan engireit.  
Í jöklinum hljóða dauðadjúpar sprungur.

Sofðu lengi, sofðu rótt,  
seint mun best að vakna.  
Mæðan kenna mun þér fljótt,  
meðan hallar degi skjótt  
að mennirnir elska, missa, gráta og sakna.

Jóhann Sigurjónsson (lagið er þjóðlag)

## Lausavísur

Hani, krummi, hundur, svín,  
hestur, mús, tittlingur.  
Galar, krunkar, geltir, hrín,  
gneggjar, tístir, syngur.

Verður ertu víst að fá  
vísu, gamli Jarpur.  
Aldrei hefur fallið frá  
frækilegri garpur.

Gefðu ungum gæðingum  
græna tuggu, á morgnunum.  
Launa þeir með léttfærum,  
lipru, sterku fótunum.

Þjóðvísur og þjóðlag

## 17. júní

Blómin springa út og þau svelgja í sig sól,  
sumarið í algleymi og hálf tónn í jóli.  
Í hjarta sínu fólkíð gleðst og syngur lítið lag,  
því lýðveldið Ísland á afmæli í dag.

∴: Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei,  
það er kominn 17. júní. ∴:

Jóni heitnum Sigurðsyni færir forsetinn,  
firnamikinn, árvissan og stóran blómsveiginn.  
Fjallkonan í múnderingu þrjár upp á pall,  
pent hún les upp ljóð, eftir löngu dauðan kall.

∴: Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei,  
það er kominn 17. júní. ∴:

Skrúðgöngurnar þramma undir lúðrasveitarleik,  
lítil börn með blöðrur, hin eldri snafs og reyk.  
Síðan líður dagurinn við hátíðanna höld,  
heitar étnar pylsurnar við fjölmörg sölutjöld.

∴: Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei,  
það er kominn 17. júní. ∴:

Um kvöldið eru allsstaðar útidansleikir,  
að sunnan koma rándýrir skemmtikraftarnir.  
En rigningin bindur enda á þetta gleðigeim,  
því gáttir opnast himins og allir fara heim.

∴: Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei,  
það er kominn 17. júní. ∴:

Bjartmar Hannesson

## Öxar við ána

Öxar við ána árdags í ljóma  
upp rísi þjóðlið og skipist í sveit.  
Skjótum upp fána, skært lúðrar hljóma,  
skundum á Þingvöll og treystum vor heit.  
Fram, fram, aldrei að vika,  
fram, fram bæði menn og fljóð.  
Tengjumst tryggðaböndum,  
tökum saman höndum,  
stríðum, vinnum, vorri þjóð.

Steingrímur Thorsteinsson

## Dalvísa

Fífilbrekka! gróin grund!  
grösug hlíð með berjalautum!  
Flóatetur! fífusund!  
fífilbrekka! smáragrund!  
Yður hjá ég alla stund  
uni best í sæld og þrautum;  
fífilbrekka! gróin grund!  
grösug hlíð með berjalautum!

Gljúfrabúi, gamli foss!  
gilið mitt í klettaþröngum!  
góða skarð með grasahnoss!  
gljúfrabúi, hvítur foss!  
verið hefur vel með oss,  
verða mun það ennþá löngum;  
gljúfrabúi, gamli foss!  
gilið mitt í klettaþröngum!

Sæludalur! sveitin best,  
sólin á þig geislum hellir,  
snemma risin, seint þá sest;  
sæludalur! prýðin best!  
þín er grundin gæðaflest,  
gleðin æsku, hvíldin elli!  
Sæludalur! sveitin best!  
sólin á þig geislum helli!

Jónas Hallgrímsson

# Helstu hugtök, frum- efnis og leikniþættir tónlistar

Leiðbeiningar fyrir umsjónarkennara þegar  
samþætta á tónlist við aðrar námsgreinar



**Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans**  
Fyrir nemendur á yngsta stigi

Sigurlína Jónsdóttir



Hér að neðan fara einfaldar skýringar á helstu þáttum tónlistar sem umsjónarkennari getur huga að við sæmþættingu tónlistar við aðra námsgreinar barna á yngsta stigi:



### Hlustun

Kennarar þurfa að skapa tónlistarvænt afslappað umhverfi t.d. púðakrók. Þar fá nemendur að hlusta á fjölbreytta tónlist og fá að bregðast við henni með því að hreyfa sig, klappa, dansa eða leika á ásláttarhljóðfæri t.d. hristur eða litlar handtrommur eða hljóðfæri sem börnin hafa búið til sjálf eða fundið í náttúrunni t.d. steina, trjábúta, skeljar o.s.frv.

Ung börn hafa stutt úthald eigi aðeins að hlusta sér til ánægju. Þau þurfa tengingu við eitthvað eða ástæðu fyrir því af hverju þau eru að hlusta og eftir hverju þau eiga að hlusta t.d. ákveðnu hljóðfæri eða breytingu í hrynn(takti), styrkleika (sterkt eða veikt) eða blæ (gleði, sorg, reiði). Mörg tónverk fela í sér sögu eða ævintýri sem kveikja löngun barnanna til sköpunar t.d. að teikna, mála, móta sögupersónur eða sýna látbragð. Með æfingunni eykst úthaldið og ánægjan og tónlistarupplifunin verður kveikjan að frjóu skapandi skólastarfi. Velja þarf fjölbreytta tónlist með og án orða frá sem flestum menningarheimum.



### Söngur

Söngur fylgir allri menningu og er sjálfsprottinn og byrjar sem hjal og söngl með eða án orða. Börn söngla þegar þau leika sér og syngja með eða án orða í leik ein eða með öðrum. Oft söngla þau hendingar í leik t.d. „þú getur ekki náð mér“ eða tauta við sjálf sig þegar þau eru að dunda sér við eitthvað. Þetta getur verið upphaf af því að búa til lög og þarf að hlúa vel að með nærfærni. Velja þarf texta sem hæfa aldri og þroska barnanna og þeim hugarheimi sem þau hrærast í. Í sæmþættingu er mikilvægt að textinn eða heiti lagsins tengist á einhvern hátt viðfangsefninu í sæmþættingunni. Velja þarf tónhæð sem hæfir barnsröddinni og hafa ber í huga að þeim liggur hærra rómur en okkur fullorðna fólkinu. Gefa þarf góðan gaum að innihaldi textans, túlkun hans og stíltegund þegar sungið er. Þú syngur ekki gleðisöng með fýlusvip.

Velja þarf stutt lög fyrir yngstu börnin með ekki of vítt tónsvið þ. e. fer ekki mjög djúpt niður eða hátt upp. Kennarinn þarf að velja lög sem honum finnast

áhugaverð þannig að hann smiti nemendur með áhuga sínum. Hann þarf að ná augnsambandi við nemendur þegar hann er að kenna lögin þannig að nemendur finni og sjá áherslur í svipbrigðum hans. Gott er að leyfa nemendum að klappa púlsinn um leið og lögin eru lærð og hreyfa sig.



## Hreyfing

Hvetjið nemendur til að hreyfa sig frjálst þegar þeir syngja eða hlusta á tónlist. Seinna þegar nemendum er eiginlegt að hreyfa sig í takt við tónlistina má bæta dansi við og í framhaldinu hvetja nemendur til að búa til dans við ákveðna hentuga tónlist. Langir borðar og blöðrur sem þau hreyfa hjálpa börnum oft til að koma sér af stað. Aðstoðið börnin við að finna hvernig mismunandi líkamspartar framleiða mismunandi hljóð t.d. með höndum, fótum, fingrum og handleggjum og einnig mismunandi leiðir að koma sér á milli staða t.d. hlaupa, hoppa, renna, ganga o.s.frv. Það þarf að hjálpa þeim að finna púlsinn í tónlistinni með því t.d. að klappa taktinn, ganga taktinn eða slá á ásláttarhljófæri. Hjálpa þeim að líkja eftir fyrirbærum í umhverfinu t.d. skýjum, rigningu, vindi, stormi til að túlka tónlist. Afmarka þarf svæðið þar sem börnin hreyfa sig, það má hvorki vera of lítið eða fullt af hlutum sem hægt er að rekast á eða of stórt þannig að það bjóði upp á hlaupalæti. Nemendur æfast í að bregðast við breytingum í tónlistinni s.s. hraða, styrkleika og blæbrigðum.




## Hljóðfæraleikur

Hafið smá safn af ásláttarhljóðfærum við höndina, handtrommur, stafi, fingrasmellur og hristur og einnig hljóðgjafa sem börnin hafa útbúið sjálf. t.d. má nota sírópsdósir með mismunandi innihaldi, baunir, hrísgrjón, hveiti, skopparabolta, glerperlur, tréperlur o.s. frv. (ekki of mikið í hvern bauk). Litlar plast gosflöskur eru skemmtilegar og hægt að setja í þær mismunandi skemmtilega smáhluti s.s. marglitar perlur eða pappírsklemmur, tölur, smápeninga o.s.frv. Steinar, skeljar og ýmis eldhúsáhöld og verkfæri eru oft góðir hljóðgjafar. Einnig eru alltaf börn í bekknum sem eru að læra á hljóðfæri í tónlistarskólunum og kjörið tækifæri að fá þau til að spila á sitt hljóðfæri eða á málm- eða tréspil séu þau til staðar og félagarnir spili púlsinn (taktinn) með. Algengustu takttegundir eru tví-, þrí- eða fjórskiptur taktur og er þá klappað einn-tveir; einn, tveir, þrír; eða einn tveir, þrír- fjór og alltaf höfð áhersla á einn. Bæði í söng og hljóðfæraleik koma fyrir hraða- og styrkleikahugtök eins og hægt (largo)/hratt (allegro), sterkt (f)/veikt (p) og fjöldi ítalskra orða sem tákna form, blæ eða hughrfin sem laginu eða tónsmíðinni er ætlað að ná.



## Sköpun

Tónlist og hreyfing eru góður grunnur til að styðja við sköpunarkraftinn í börnum. Börn hafa fjórugt ímyndunarafl og þurfa rými til að gera tilraunir með hina ýmsu hljóðgjafa bæði hefðbundna og óhefðbundna. Oft má kynda undir sköpunarkraftinn og sýna þeim leiðir hvernig hægt er að kanna hljóðheiminn t.d. með því að fá þeim pappírsblað og spyrja: „Hvað geturðu fengið mörg mismunandi hljóð úr pappírsblaði?“ t.d. krumpa, rífa, sveifla o.s.frv. Hvetjið börnin til að búa til dansspor við tónlist og einnig semja eigin lög eða tónverk eða hljóðverk t.d. við sögur eða ljóð. Upplagt er að kanna hljóðumhverfið t.d. á skólalóðinni, renna priki eftir járnrimlahandriði eða girðingu, slá í öskutunnur, járnror í ljósastaura o.s. frv. Einnig að hlusta eftir umhverfishljóðum eins og rigningu, vindi, sjávarnið, bílahljóðum, fólki að tala saman eða börnum að leik. Þetta gerir þau næmari fyrir því að skynja umhverfið og tónlistina og þeirri fegurð sem í henni býr.



## Lestur - ritun

Börn þurfa ekki að vera læs á nótur til að geta fært tónverkin sín í letur. Letrið þarf að sýn tvennt hvort tónninn fer upp eða niður og hvort hann er stuttur eða langur. Börnin geta t.d. gert mislög strík eftir lengd tónanna og tröppur eða strík sem vísa upp á við eða niður á við í samræmi við hreyfingu laglínunnar. Þetta hjálpar þeim að muna tónverkið sem þau eru að skapa. Einnig geta nemendur sýnt styrkleikabreytingar með vaxandi styrk (crescendo) < og dvinandi styrk (diminuendo) > með þessum viðurkenndu táknum sem þau þekkja líka úr stærðfræðinni sem meira en og minna en og auðvelt er að teikna.

Inn í hvern og einn þessara þátta falla svo **laglína, púls, hrynur(taktur), hljómur, styrkur, blær, form og stíll.**




## Hlutverk kennarans

Hlutverk kennarans er að skapa frjóan jarðveg og vera opinn og styðjandi í tónlistarupplifun með nemendum sínum.

**Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti  
-vinnublöð-**

## Komdu og skoðu land og þjóð - Lykilorð



ÞJÓÐHÁTÍÐARDAGUR


# Komdu og skoðuðu land og þjóð - Lykilorð



## LANDVÆTTIR


## Komdu og skoðuðu land og þjóð - orðasúpa




Þ É T T B Ý L I Þ S L E L T Í  
 F J R H S F E Ð J A A A S M S  
 U U Ó Á L Æ O Þ Ó N F L J E L  
 G B P L Ó L Ð R Ð R K Þ Á F E  
 S P A E H Á S N S G V I V Ú N  
 H V Ú N A G A G Ö E Æ N A T D  
 Ö I S D J L T L N M T G R L I  
 F H R I G E A Í G U I I Þ E N  
 U I Ó A N N P I U R H Ú O N G  
 Ð R R R E D A Ú R A U R R D U  
 B L A N D I Æ T T I R X P I R  
 O Í N A H S Æ R D K R D Ý N R  
 R L I N D R I N G U H J A G R  
 G F E L D R E I F B Ý L I U A  
 S K J A L D A R M E R K I R L

Finndu orðin:

DREIFBÝLI	ÍSLENDINGUR	FORSETI
ÞÉTTBÝLI	ÚTLENDINGUR	ÞJÓÐSÖNGUR
LÁGLENDI	ALÞINGI	LANDVÆTTIR
HÁLENDI	HÖFUÐBORG	SKJALDARMERKI

## Komdu og skoðaðu land og þjóð - orðaskuggar



**Finndu skuggann af orðunum hér fyrir neðan:**


**alþingi, forseti, þéttbýli, höfuðborg, landvættir, dreifbýli, hálendi**



# Mat

Nemendur lita stjörnur og plasta og geyma hjá sér. Síðan rétta þeir upp viðeigandi stjörnu þegar þeir eru beðnir að meta vinnu félaga sinna, sína eigin eða hópsins. Síðan krossar nemandinn í réttan dálk á stjörnumatsblaðið, þ.e. ef hann fær mjög gott setur hann x í dálkinn lengst til vinstri.

## Mat - Stjörnur



Mjög góð vinna!



Góð vinna!



Þú getur gert betur!



